

2 . fundur nefndar um framhaldsskólamál haldinn í Grunnskólanum á
Tálknafirði 21. september 2006 klukkan 16:00

Mætt voru Sveinn Valgeirsson, Jón B G Jónsson, Ingibjörg Inga
Guðmundsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Ingólfur
Kjartansson.

Dagskrá fundarins lá fyrir og var sem hér segir:

- 1 mál. Umræða um skýrslu - ábendingar, leiðréttingar og viðbætur.
2. mál. Staðsetning framhaldsdeildar – húsnæði.
3. mál. IIG - gerir grein fyrir viðræðum við Karl Kristjánsson og Eirík Jónsson.
4. mál. Næstu skref.
 - Umsókn
 - Fara með umsókn og skýrslu til Menntamálaráðherra
 - Athuga fund með stjórnámálamönnum.

Önnur mál

Farið var yfir greinargerð Ingibjargar Ingu sem hún hefur tekið saman.
Greinargerðin inniheldur ýmsar upplýsingar, bæði tölulegar og aðrar um mál
sem snerta nemendur er hyggja á nám á framhaldsskólastigi og hafa þurft að
sækja það um lengri veg. Ýmsar ábendingar höfðu komið frá nefndarmönnum
vegna skýrslunnar, þ.e. innihalds og uppsetningar hennar.

Rætt um staðsetningu framhaldsdeildar, Ingibjörg Inga sendi forsvarsmönnum
sveitarfélaganna erindi um það í vikunni og verður fjallað um það á
samráðsfundi sveitarfélaganna. Nefndin er hins vegar sammála um að
heppilegasta staðsetning slíkrar deildar er á Patreksfirði.

Rætt um næstu skref og muna starfsmaður nefndarinnar vinna að því atriði. Hún
mun fara á fund fjárlaganefndar Alþingis í næstu viku, með fulltrúum
sveitarfélaganna tveggja, og leggja fram beiðni um fjárframlag vegna þessa
verkefnis.

Ingibjörg Inga ræddi um fundi sína með Eiríki Jónssyni og Karli Kristjánssyni
og ýmis atriði sem þeir bentu á.

Fleira ekki gert en rætt um að nefndin hittist fljótlega aftur.

Ingólfur Kjartansson